

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegur 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 13. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0064
IAS/BK

Efni: Lýsing, breyting á aðalskipulagi, Skeggjastaðir og Fákaföt.

Vísað er í erindi frá Rangárþingi eystra frá 20. febrúar 2014, í gegnum skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi fyrir Skeggjastaði og Fákaföt.

Breytingin nær til Skeggjastaða land 14 (L195656) og Fákaföt (L209731) í Vestur-Landeyjum þar sem landeigendur óska eftir að skipulagssvæðin verði skilgreind sem íbúðarbyggð. Í gildandi aðalskipulagi eru svæðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði L1. Gert er ráð fyrir allt að 10 íbúðarlóðum. Heildarstærð Skeggjastaða lands 14 er 4 ha og Fákaföt er 26,7 ha.

Fyrirhugað er að stofna nýja íbúðarbyggð á um 30,7 ha svæði. Gert er ráð fyrir allt að 10 íbúðarlóðum, 3 ha að stærð með fasta búsetu og heimild fyrir gestahúsum fyrir ferðamenn innan lóða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Nyrðri hluti skipulagssvæðisins flokkast sem tún og akurlendi á vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is>) en á suðurhluta svæðisins er að finna vistgerðir eins og língresis- og vingulsvist, gulstararflóavist, starungsmýravist og víðikjarrvist. Þessar vistgerðir hafa verið metnar með hátt og mjög hátt verndargildi auk þess að vera á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Loftmyndir staðfesta einnig að svæðið er enn töluvert blautt þrátt fyrir framræslu.

Suðurhlutinn er auk þess að miklu leyti innan svæðis sem er á C-hluta náttúruminjaskrár:

726. Skúmsstaðavatn, V-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Landeyjasands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun vill því hvetja til þess að þessum hluta svæðisins verði hlíft við raski en á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag byggðar að taka ríkt tillit til votlendis.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

